

## 9. gr.

*Refsiákvæði o.fl.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum.

Samgönguráðherra afturkallar starfsleyfi bílaleigu ef umsækjandi hefur veitt rangar eða villandi upplýsingar til að fá leyfið eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laga þessara.

Nú rekur aðili starfsemi sem starfsleyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án slíks leyfis og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva starfsemina, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

## 10. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 70. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þær bílaleigur sem starfa við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér starfsleyfis fyrir 1. september 2000.

*Gjört á Bessastöðum, 20. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sturla Böðvarsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 6. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, 7. mgr., er hljóðar svo:  
Þjóðlendur skulu undanþegnar öllum sköttum og gjöldum.

## 2. gr.

Í stað 5. og 6. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, 5. mgr., er hljóðar svo:  
Formaður óbyggðanefndar skal vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Óbyggðanefnd er að öðru leyti heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar og skapa sér skrifstofuaðstöðu í samráði við forsætisráðherra.

## 3. gr.

Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna koma þrjú nýir málsliðir er hljóða svo: Skal hún ákveða hvaða landsvæði tekið er til meðferðar hverju sinni. Nefndin getur ákveðið síðar að minnka eða stækka það svæði. Nefndinni er heimilt að hafa til meðferðar fleiri en eitt svæði á sama tíma.

## 4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað 1. og 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka svæði til meðferðar skal hún tilkynna fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 11. gr., ákvörðun sína og veita honum minnst þriggja en mest sex mánaða frest til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu.

Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Þá skal útdráttur úr efni tilkynningar birtur með auglýsingu í dagblaði.

Óbyggðanefnd getur samþykkt að veita aðila sem þess óskar viðbótarfrest.

- b. Í stað orðanna „1. og 3. mgr.“ í fyrri málslíð 4. mgr., er verður 5. mgr., kemur: 1.–4. mgr.

## 5. gr.

12. gr. laganna verður svohljóðandi:

Að liðnum kröfulýsingarfresti skv. 2. mgr. 10. gr. skal óbyggðanefnd gera yfirlit yfir lýstar kröfur á viðkomandi landsvæði og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti (kröfulínukorti) liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan sjö daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

## 6. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

## 7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Auk kostnaðar við rekstur nefndarinnar fellur hér undir nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Óbyggðanefnd úrskurðar um kröfur aðila vegna kostnaðar samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. Við mat á því hvort um nauðsynlegan kostnað hafi verið að ræða er nefndinni heimilt að líta til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmannna og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar skal enn fremur litið til þess hvað telja má sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli.

Nefndinni er heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

## 8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur brott.

- b. Í stað „1. mgr.“ í síðari málslíð 3. mgr. kemur: 2. mgr.

9. gr.

Í stað „2. mgr.“ í fyrri málslíð 19. gr. laganna kemur: 1. mgr.

10. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti og málsmeðferð óbyggðanefndar, þ.m.t. frágang kröfúlýsinga, uppdráttu og annarra gagna málsaðila, og tæknilega útfærslu á markalínunum.

11. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Um kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd sem fellur til fyrir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 17. gr. laganna eins og henni er breytt með 7. gr. laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að synja útgáfu leyfis þegar umsækjandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr. eða ef umsækjandi hefur á undanförunum fimm árum verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda eða um tryggingagjald eða þessum lögum og ástæðurnar eiga við:

- a. umsækjanda sem er lögadili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eigenda hans,
- b. umsækjanda sem er lögadili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
- c. umsækjanda sem er einstaklingur.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætast fjórir nýir liðir, svohljóðandi:

f. Kaffihús.

Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar.